

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Mánudaginn 15. ágúst 2005 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 17⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:**1. Hafnarreglugerð fyrir Skagastrandarhöfn**

Fyrir fundinum lágu drög að reglugerð fyrir Skagastrandarhöfn sem sveitarstjóri kynnti. Reglugerðin var byggð á stöðluðu formi hafnarreglugerða og byggir á lögum nr. 61/2003. Hreppsnefnd ræddi reglugerðardrögin en þeim var síðan vísað til umsagnar hafnarnefndar.

2. Sparkvöllur

Oddviti lagði upp hugmynd um vígslu sprakvallar á skólalóð sem komin er á lokastig byggingar. Allmargar hugmyndir um að hafa skemmtilega vígslu komu fram svo og var rætt um hugsanlegar dagsetningar.

3. Skipulagsmál:

a) Bréf umhverfisráðuneytisins dags. 10. nóvember 2004.

Bréf ráðuneytisins er auglýsing um að breyting á aðalskipulagi Höfðahrepps 1988-2008 hafi tekið gildi hvað varðar frístundabyggð við Hólalaberg. Undir bréfið rita umhverfisráðherra Sigríður A. Þórðardóttir og Ingibjörg Halldórsdóttir.

b) Tillaga að deiliskipulagi við Hólalaberg.

Fyrir fundinum lá tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar við Hólalaberg. Skipulagssvæðið er u.þ.b. 6.0 ha. lands og afmarkast af Vetrarbraut í vestri, tjaldsvæði í suðri og hamrabelti í austri. Skipulagssvæðið skiptist við göngu- og reiðleið í A og B hluta. Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir að skipulögð verði frístundabyggð með tíu orlofshúsum ásamt leiksvæði. Svohljóðandi bókun var samþykkt:

Í ljósi samþykktar á breyttu aðalskipulagi hvað varðar frístundabyggð við Hólalaberg samþykkir hreppsnefnd deiliskipulagstillöguna fyrir sitt leyti og jafnframt að senda Skipulagsstofnun hana til yfirferða.

c) Svæðisskipulag Norðurlandsskóga

Fyrir fundinum lá bréf Skipulagsstofnunar þar sem kynnt er afgreiðsla stofnunarinnar á fram komnum athugasemdum við tillögu að sérstöku svæðisskipulagi fyrir Norðurlandsskóga. Málið var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við afgreiðslu Skipulagsstofnunar.

4. Bréf:

a) *Finnboga Guðmundssonar, dags. 8. ágúst 2005.*

Í bréfinu óskar Finnbogi eftir að gera samning um stuðning til náms í Íþróttakennaraskólanum á Laugarvatni. Hreppsnefnd samþykkti að auglýst verði eftir umsóknum um stuðning á forsendum samþykktar á fundi hreppsnefndar 17. maí 2004 og vísaði afgreiðslu og framkvæmd málsins til fullorðinsfræðslunefndar.

b) Sjávarútvegsráðuneytisins, dags. 5. ágúst 2005.

Í bréfinu er tilkynnt að ráðuneytið hafi gefið út reglugerð um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2005/2006. Með bréfinu er sveitarstjórnnum gefin kostur á að gera tillögur til ráðuneytisins um reglur sem gilda um skiptingu úthlutunarinnar milli einstakra skipa.

Fram kom að á heimasíðu ráðuneytisins sé skipting byggðakvótans kynnt sérstaklega og þar sé gert ráð fyrir 140 tonna kvóta fyrir báta í Höfðahreppi.

c) Þjaja, bókaútgáfu, dags. 1. ágúst 2005.

Erindi bréfsins var að bjóða sveitarfélögum að vera með kveðju í bók sem kemur út um byggðasögu Mosfellsbæjar.

Hreppsnefnd ákvað að afþakka þátttöku í málinu.

d) Sjálfsbjargar, dags. 8. júlí 2005.

Erindi bréfsins var að leita eftir stuðningi við hjálparliðasjóð Sjálfsbjargar sem hefur að markmiði að gera hreyfihömluðum fært að ferðast innanlands og utan. Í bréfinu er sérstaklega bent á afrek Kjartans Haukssonar sem stefnir að því að róa einn á árabáti í kringum landið.

Samþykkt að styrkja sjóðinn með 15.000 kr. framlagi.

e) Hollvinasamtaka Heilbrigðisstofnunarinnar á Bl.ósi, dags. 28. júlí 2005

Í bréfinu er leitað eftir fjárstyrk til að kaupa á stafrænan búnað til röntgenmyndatöku á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi.

Samþykkt að styrkja samtökin með 500 þús. kr. framlagi til búnaðarkaupa.

5. Fundargerðir:

a) Húsnæðisnefndar, 10. ágúst 2005.

Fundargerðin var samþykkt.

b) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, 3. ágúst 2005.

Fundargerðin var til kynningar.

6. Önnur mál.

Talsverð umræða varð um bæjarmál almennt og m.a. rætt um umhverfismál. Ekki voru gerðar sérstakar ályktanir um málið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 19³⁵

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gígja Óskarsdóttir
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir